

Ýmislegt varðandi 3 - 5 ára börn

Barnið þarf að læra **heiti dagana**, mánudagur, þriðjudagur o.s.frv. Ræðið við barnið hvað **það gerði í gær** og **hvað það eigi að gera á morgun**. Rifjið upp með barninu hvað það sá í barnatímanum. Hvað það borðaði í morgunmat og með hverju við borðum og af hverju við þurfum að borða. Ágætt er að rekja með barninu atburðarás dagsins og hjálpið barninu að muna hvað það gerði í morgun, hádeginu, um kvöldið.

Barnið þarf að læra **heiti litanna**. Í fyrstu er ágætt að para saman liti. Rauður og rauður. Dæmi: þú ert í rauðum sokkum, finndu eitthvað sem er eins á litinn. Byrjið á grunnlitunum, rauður, gulur, grænn og blár. Bætið síðan við smátt og smátt fleiri litum. Formin kringlótt, ferhyrningur og þríhyrningur eru hugtök sem börn læra 4-5 ára gömul.

Til að barnið geti skilið og notað hugtök eins og **fyrir framan, aftan, bakvið, við hliðina á, hlið við hlið, uppá, kringum** o.s.frv þarf það að upplifa það og æfa sig í gegnum leik og í daglega lífinu. Dæmi: "barnið leikur sér með kubba og þú notar hugtökin **við hliðina** á þessum rauða, **uppá** þennan gula eða **farðu undir** borðið, **gáðu bak við** ruslafötuna o.s.frv."

Barnið lærir fyrst **stór og lítill** en það þarf að bæta við sig og læra hugtök eins og **stærstur, minnstur, stuttur, langur, fyrstur, síðastur, breiður, mjór, þungur, léttur**. Dæmi: Þú leikur þér með kubba og húsdýr við barnið og notar óspart áðurnefnd hugtök. "ætla þú að hafa **stærsta** kubbin, þá ætla ég að hafa þann **minnsta**" og "minn hestur er **fremstur** í röðinni" "þínir hestar standa **hlið við hlið**".

Barnið þarf að **læra að telja**. 1-2-3-4-5-o.s.frv. Einnig þarf það að skilja talnagildin. Að læra að telja fingur er ágætt og finna síðan kubba sem eru jafnmargir, þannig parar barnið saman fjölda og upplifir **jafn mikið, meira** eða **minna**.

Barnið þarf að læra heiti líkamshluta, Pulan um fingurna er ágæt til að læra heiti fingranna. Talið um heiti líkamshluta þegar barnið klæðir sig í og úr. Látið ekki einungis duga að tala um fótinn, heldur notið líka **hné, læri**,

hæll,tær,il, rist o.s.frv. Handleggur, hendi, olnbogi, lófi, úlnliður, handarbak, o.s.frv. Andlit, enni, augu,eyru,kinnar,haka nef,nasir,varir, o.s.frv.

Fáið barnið til að teikna mann, sitjið hjá barninu og örvið það til dáða. Dæmi: hvar eru augun, nefið, eyrun, kinnar, haka,hálsinn, maginn o.s.frv. (Spyrja: Vantar eitthvað? Þá hugsar barnið sjálfst um hvað vantar á myndina)

Kennið barninu heiti dýranna og afkvæma þeirra. Köttur-kettlingur og einkenni þeirra. Kötturinn mjálmar og lepur mjólk.

Kýrin - kálfurinn baula, hefur spena og gefur okkur mjólk

Hesturinn - folaldið hneggjjar og er með tagl og fax en kýrin hefur hala.

Notið fyrir alla muni ekki "voffi" um hundinn eða "bí-bí", "bra-bra" um fuglinn.

Yfirhugtök eru eitt af því sem börn á þessum aldri eru að átta sig á. Dæmi:

FÖT: eru samheiti fyrir peysu, buxur, sokka, húfu o.s.frv.

ÁVEXTIR: epli, banani, appelsína, pera o.s.frv.

DÝR:hundur, köttur, svín, kind o.s.frv.

HÚSGÖGN: stóll, borð, skápur, sófi, o.s.frv.

LEIKFÖNG: kubbar,bolti,dúkka, púsluspil o.s.frv.

Barn á þessum aldri á yfirleitt auðvelt með að nota heiti hluta. Dæmi: bók, sápa, borð. Plástur o.s.frv. Spyrjið endilega til hvers það er notað? Hverjir nota það? Úr hverju er það búið til?

Gott er að barnið æfist í að byggja úr kubbum eftir fyrirmynd. Búið til hús úr 5-8 kubbum og barnið hermir eftir, Leyfið barninu síðan að byggja og þú hermir eftir því. Með þessu lærir barnið að skipuleggja leiki sína og skynja rúm og áttir.

Barnið þarf smátt og smátt að læra beygingar- og fleirtölumyndir, maður-menn, barn-börn, blað-blöð, bók-bókar o.s.frv.

Lesið fyrir börnin ykkar og ræðið við þau um efni bókarinnar með hjálp myndanna. Ef barn venst á að endursegja sögur þá lærir það að segja skipulega frá atburðum í réttri röð.

Rifjið upp öðru hverju með barninu heiti þess, hvers dóttir eða sonur það er, hvenær það á afmæli og hve gamalt það verður næst þegar það á afmæli.

Einnig nöfn allra í fjölskyldunni. Munið að nota persónufornöfnin ÉG og ÞÚ þegar talað er við börnin því ef það er ekki gert tala börn um sig í 3. Persónu. Segja t.d. „Ég skal hjálpa þér“ í stað þess að segja „Sigga skal hjálpa þér.“

Gott og gaman er að syngja saman og fara með þulur og vísur.

Ræða um samsett orð eins og bíl-stjóri, matar-tími, úti-vera, því það eykur málskilning og ýtir undir að börnin beri orðin rétt fram.

Ekki stappa matinn fyrir börnin því þau æfast í talfærunum við að tyggja og það ýtir líka undir réttari framburð.